

Nd.

108. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um váttrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson og Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Skylt er að váttryggja líf héraendrar sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélabátum eða róðrabátum, fjórrónum eða stærri, minst eina vertíð á ári. Vertíð telst sá tími eða hluti árs, sem sjómaður er lögskráður fyrir í hvert sinn.

2. gr.

Þegar farmaður á vélarbát eða róðrabát hefir ráðið háseta sína og þeir eru lögskráðir, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber, eftir 3. gr.; en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa váttryggingarstjórn þeirri, er ræðir um í 4. gr. laga 30. júlí 1909, um váttrygging fyrir sjómenn.

3. gr.

Hver sá sjómaður á vélarbát eða róðrabát, sem váttrygður er, er skyldur að greiða í váttryggingarsjóð þann, er ræðir um í lögum frá 30. júlí 1909 um váttrygging fyrir sjómenn, gjald, er nemi 10 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skipsrúm, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða degi þeim, er hann kom í skipsrúm. Formaður bátsins greiðir gjaldið fyrir skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í váttryggingarsjóð áður 2 mánuðir eru liðnir frá vertíðarlokum að frádragnum $4\frac{0}{10}$ innheimtulaunum.

4. gr.

Nú druknar sjómaður á því tímabili, er hann greiðir váttryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., eða deyr af slysförum, og skal þá váttryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina, 100 kr. á ári í 4 ár. Séu engir slíkir vandamenn á lífi, eignast váttryggingarsjóður upphæðina, nema óðruvísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 5. gr. í lögum um váttrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909, um váttrygging þeirra sjómanna, er stunda fiskiveiðar á vélarbátum og róðrabátum.